



FJÖLMÍÐLANEFND

17. október 2012

Ákvörðun nr. 3/2012

Erlent hljóðefni á Kananum FM 100,5 án íslensks tals eða texta

I.

Málsmeðferð

1.

Fjölmiðlanefnd ákvað á grundvelli 4. másl. 1. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 að taka til athugunar hvort Skjárinn ehf. (Skjárinn) hefði brotið gegn 29. gr. laganna með útsendingu á erlendu efni á Kananum FM 100,5.

Tilfnið var að fjölmiðlanefnd hafði fylgst með dagskrá Kanans og komist að raun um að þar væri þættinum American Top 40 með Ryan Seacrest útvarpað. Með bréfi, dags. 3. september 2012, var bent á að samkvæmt 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 skuli hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, jafnan fylgja tal eða texti á íslensku eftir því sem við eigi hverju sinni. Var óskað eftir skýringum og sjónarmiðum Skjásins vegna útsendingarinnar.

2.

Fjölmiðlanefnd barst svar frá Skjánunum, dags. 20. sept. 2012, þar sem reifuð eru sjónarmið félagsins og gefnar skýringar vegna útsendingar á útvarpsþættinum American Top 40 á útvarpsstöðinni Kananum FM 100,5. Í svari Skjásins kemur fram að erlendu hljóðefni skuli jafnan fylgja íslenskt tal eftir því sem við eigi og beri orðalagið með sér að ekki þurfi undantekningarlaust að láta íslenskt tal fylgja, heldur virðist gert ráð fyrir að fyrirtæki reyni að láta tal fylgja enda segi í ákvæðinu eftir því sem við eigi hverju sinni. Þannig sé fyrirtækjum viðurkennt svigrúm til að ákveða hvort og hvernig erlendu hljóðefni fylgi íslenskt tal.

Skjárinn bendir á að þátturinn American Top 40 sé á dagskrá einu sinni í viku og hafi notið



FJÖLMÍÐLANEFND

umtalsverðra vinsælda. Sé það ekki síst vegna þáttastjórnandans sem þátturinn njóti slíkra vinsælda. Eftirspurn með þættinum hafi verið mikil og neytendur virðist ánægðir með þáttinn og það fyrirkomulag sem hafi verið á útsendingunum. Þannig sé Skjárinn að mæta eftirspurn neytenda með fjölbreyttu útvarpsefni.

Skjárinn telur að aðgengi neytenda að erlendu efni sé nánast engum takmörkunum háð og því hafi nokkurra klukkustunda þáttur á erlendri tungu engin áhrif á útbreiðslu og eflingu íslenskrar tungu, einkum þegar lítið sé til þess að uppistaðan í þættinum sé tónlist en ekki hið erlenda tal.

Þrátt fyrir að Skjárinn telji sig ekki brjóta ákvæði 29. gr. laga um fjölmiðla með útsendingu á útvarpsþættinum American Top 40 þá segist félagið vera reiðubúið að breyta uppsetningu á þættinum þannig að íslenskur þulur reki í stuttu máli umfjöllun þáttastjórnanda American Top 40. Tillagan felst í því að í lok hvers klukkutíma verði yfirferð á íslensku þar sem sagt sé frá því sem hinn erlendi þáttastjórnandi hafi fjallað um. Með þessum hætti fylgi íslenskt tal þættinum. Þá er einnig nefnt að það komi til skoðunar að haga fyrirkomulaginu með öðrum hætti, en jafnframt bent á að fyrrgreind lausn sé best til þess fallin að takmarka inngríp í þáttinn og raska miðlun efnisins en jafnframt að skila efninu á íslensku til neytenda.

Skjárinn bendir ennfremur á að miðlun útvarpsefnis njóti verndar samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 sem banni fortakslaust að ritskoðun sé leidd í lög. Bann við því að tilteknum þætti sé útvarpað eða skylda til þess að breyta efninu af þeirri ástæðu einni að þáttastjórnandinn sé enskumælandi, sé að mati Skjásins ritskoðun sem brjóti í bága við framangreint ákvæði.

Að lokum áréttar Skjárinn að það þekkist og hafi viðgengist í lengri tíma að þáttastjórnendur á íslenskum útvarpsstöðvum séu af erlendum uppruna og fjalli stuttlega um þau lög sem þeir spila á enskri tungu. Slík framsetning sé til þess fallin að auka fjölbreytni í íslensku menningarlífi og sé óumdeilanlega af hinu góða þar sem neytendur geti sjálfir valið hvaða efni þeir hlusta á og hvað þeir kjósi að hlusta ekki á.

Skjárinn hafnar því að útsending Kanans FM 100,5 brjóti gegn fjölmiðlalögum en leggur engu að síður fram tillögu í þeirri von að hún sé fullnægjandi að mati fjölmiðlanefndar.



FJÖLMÍÐLANEFND

II. Niðurstaða

1.

Samkvæmt 1. másl. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 skal hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, jafnan fylgja tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 29. gr. á þetta þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal fjölmiðlaveita, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa, sbr. 3. másl. 2. mgr. 29. gr. Er ákvæðið efnislega samhljóða ákvæðum sem voru í 7. og 8. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 með þeim breytingum þó að ákvæðið á nú við um allt hljóð- og myndefni, en átti aðeins við um sjónvarpsefni í útvarpslögum. Frá skyldunni í 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 eru jafnframt gerðar þær undantekningar í 3. mgr. sömu greinar að ákvæði 2. mgr. eiga ekki við um viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpstöðva og þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku.

Ákvæði þess efnis að erlendu efni skuli fylgja íslenskt tal og texti á uppruna sinn í 3. tölul. a í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 82/1993. Þar var kveðið á um að efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skyldi jafnan fylgja tal eða texti á íslensku eftir því sem við ætti hverju sinni. Það ætti þó ekki við þegar fluttir væru erlendir söngtextar eða þegar dreift væri viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýndi að verulegu leyti atburði sem gerðust í sömu andrá. Við þær aðstæður skyldi sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur væri, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hefðu. Þá var sú undantekning jafnframt gerð að framangreind skylda ætti ekki við þegar um væri að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda væri um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva.

Í athugasemdum með ákvæðinu í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 82/1993 kemur fram:

Er hér lagt til að ákvæði 6. gr. núgildandi reglugerðar um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum varðandi þá skyldu að þýða erlent dagskrárefni, sem sýnt er í sjónvarpi, verði lögfest með nánar tilgreindum undanþágum, þ.e. þegar um erlenda söngtexta er að ræða eða fréttir eða fréttatengt efni sem í sérstökum tilvikum er dreift viðstöðulaust erlendis frá og sýnir að verulegu leyti atburði er gerast í sömu andrá.



FJÖLMÍÐLANEFND

Þegar svo stendur á er gert ráð fyrir endursögn þular á íslensku fylgi fréttauðsendingunni eftir því sem kostur er. Þýðingarskyldan nær einvörðungu til dagskrár innlendra sjónvarpsstöðva, þar með talins Ríkisútvarpsins, [...] og er þessi tillaga gerð með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins, þar sem heimilað er að setja strangari reglur varðandi sjónvarpsdagskrár þeirra útvarpsstöðva, sem aðildarríki hafa lögsögu yfir, telji þau það nauðsynlegt vegna tungumálastefnu sinnar.

Samkvæmt þessu skal þýða hljóð- og myndefni á erlendu máli nema undantekningar þær sem fram koma í 2. og 3. mgr. 29. gr. eigi við. Hljóðvarpsþátturinn American Top 40 á útvarpsstöðinni Kananum FM 100,5 getur hvorki talist til fréttu og fréttatengds efnis né er um erlenda söngtexta að ræða í skilningi 2. málsl. 2. mgr. 29. gr., enda er útvarpsþátturinn sem slíkur á ensku, þ.á.m. hið talaða mál á milli laga. Þá er ljóst að hvorki er um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva né að Kaninn FM 100,5 sé miðill sem starfræktur sé á öðru tungumáli en íslensku.

Í samræmi við framangreint stendur 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 til þess að miðlun á umræddum þætti skuli fylgja þýðing á íslensku. Í því sambandi skal tekið fram að eins og ákvæðinu er háttað, þar sem mælt er fyrir um skyldu sem síðan eru gerðar nánar tiltekna undantekningar frá, er ekki fallist á þau sjónarmið Skjásins að fyrirtækjum sé eftirlátið svigrúm, utan framangreindra undantekningartilvika, til að ákveða hvort og hvernig erlendu hljóðefni fylgi íslenskt tal. Í því sambandi athugast einnig að í íslenskri orðabók er fyrsta skýring á orðinu *jafnan* „ætið, alltaf“. Þá er ljóst að orðin *eftir því sem við á hverju sinni*, sem Skjárinn vísar til, er ekki ætlað að veita fyrirtækjum svigrúm um það hvort efni skuli þýtt eða ekki, enda vísa þau bersýnilega til hins mismunandi forms þýðingarinnar sem nefnt er rétt á undan í ákvæðinu, þ.e. tals eða texta, enda fer eftir eðli miðilsins, sem ýmist getur verið hljóð- eða myndmiðill, á hvaða formi þýðingin getur verið.

2.

Í svari Skjásins er bent á að miðlun útvarpsefnis njóti verndar samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 sem banni fortakslaust að ritskoðun sé leidd í lög. Bann við því að tilteknum þætti sé útvarpað eða skylda til þess að breyta efninu af þeirri ástæðu einni að þáttastjórnandinn sé enskumælandi, er að mati Skjásins ritskoðun sem brýtur í bága við framangreint ákvæði.

Í fræðiskrifum hefur hugtakið ritskoðun almennt verið skilgreint sem yfirlestur handrits af hálfu handhafa ríkisvalds til úrlausnar á því hvort rit megi birta. Í lögskýringargögnum



FJÖLMIDLANEFND

vegna upptöku nágildandi 73. gr. stjórnarskrárinnar árið 1995 er tekið fram að með banninu við ritskoðun og öðrum sambærilegum tálmunum í 2. málsl. 2. mgr. 73. gr. sé átt við að ekki megi lögfesta reglur sem feli í sér að maður verði knúinn til að leita opinbers leyfis fyrir fram til að mega tjá skoðun sína við aðra. Áskilnaður laga um að hljóð- og myndefni á erlendu máli skuli jafnan fylgja tal eða texti á íslensku telst á engan hátt til ritskoðunar eða annarra sambærilegra tálmana í framangreindum skilningi eða eins og þessi hugtök hafa að öðru leyti verið skilin og túlkuð í réttarframkvæmd. Slíkur áskilnaður felur ekki í sér yfirlestur af hálfu handhafa ríkisvalds til úrlausnar á því hvort efnið megi birta, né krefst hann þess að aðilar verði knúin til að leita opinbers leyfis fyrir fram til að mega tjá skoðun sína við aðra. Þá hindrar hann ekki útsendingu viðkomandi efnis, en setur henni einfaldlega tiltekin skilyrði. Í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er heimilað að setja tjáningarfrelsi skorður að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar greinir. Að því gefnu að sú skylda sem um ræðir í þessu máli yrði talin fela í sér inngrip í tjáningarfrelsi verður að telja ótvírætt að skilyrðum 3. mgr. 73. gr. sé mætt.

Þá er rétt að áréttu að strangari kröfur hafa verið gerðar til þeirra aðila sem fá leyfi til hljóðmiðlunar og myndmiðlunar, enda er tíðni takmörkuð auðlind. Hefur almennt verið fallist á að stjórnvöldum sé heimilt innan ákveðinna marka að gera rekstur útvarps og sjónvarps háðan sérstökum leyfum, sbr. m.a. ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um að ákvæði 10. gr. um tjáningarfrelsi skuli eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi. Í öllum Evrópuríkjum er því að finna lög og reglur um efnið sem m.a. eru byggðar á tilskipunum og samræmdum reglum Evrópusambandsins.

Með hljóðmiðlunarleyfi Skjásins hefur Skjárinn undirgengist skyldur fjölmiðlalaga, þ.m.t. að hlýta ákvæðum laga um tal og texta á íslensku.

Loks er rétt að áréttu að framangreind skylda er ekki nýmæli hér á landi heldur hefur lengi verið lögmælt. Í því sambandi má m.a. nefna að vorið 2008 komst útvarpsréttarnefnd að þeirri niðurstöðu að miðlun hérlendrar útvarpsstöðvar á útvarpsþætti á ensku, sem Ryan Seacrest stýrði, færi í bága við þágildandi útvarpslög og lagði fyrir viðkomandi miðil að hætta þegar útsendingu á honum.

3.

Í svarbréfi Skjásins er sett fram sú tillaga að í lok hvers klukkutíma verði yfirferð á íslensku þar sem sagt verði frá því sem hinn erlendi þáttastjórnandi hefur farið yfir. Með þessum hætti fylgi íslenskt tal þættinum en inngripið í þáttinn sé takmarkað og raski lítið miðlun efnisins.



FJÖLMIÐLANEFND

Meginreglan sem fram kemur í 1. málsl. 2. mgr. 29. gr. gerir sem fyrr segir ráð fyrir því að íslenskt tal eða texti fylgi miðlun erlends efnis. Að mati fjölmiðlanefndar er ekki unnt að skilja ákvæðið með öðrum hætti en að sú þýðing sé gerð jafnóðum. Í því sambandi athugast m.a. að það fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 3. málsl. 2. mgr. 29. gr., að láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa, er undantekning frá skyldunni í 1. málsl. 2. mgr. 29. gr., sem er samkvæmt því ríkari. Tillaga Skjásins felur í reynd í sér fyrirkomulag í þá veru sem heimilt er í tilviki undantekninganna í 2. málsl. 2. mgr. 29. gr. Líkt og áður hefur verið rakið eiga þær undantekningar ekki við í þessu tilviki og ekki er unnt að fallast á að fyrirkomulag í þá veru sem þær leyfa teljist fullnægjandi í tilviki meginreglunnar. Í þeirri meginreglu, sem hér á við samkvæmt framansögðu, felst að þýða skal það erlenda tal, sem flutt er og getur yfirferð á klukkutímastreki á því efni sem flutt hefur verið ekki talist fullnægjandi þýðing.

4.

Það er niðurstaða fjölmiðlanefndar að Skjárinn ehf. hafi brotið gegn 1. málsl. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun þáttarins American Top 40 án þess að íslenskt tal fylgi þættinum. Samkvæmt þessu skal Skjárinn, í samræmi við nefnt ákvæði, láta íslenskt tal fylgja því hljóðefni á erlendu máli sem miðlað er á Kananum FM 100,5.

Samkvæmt h-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á lögaðila vegna brota á 29. gr. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sektar skv. 1. málsl. 5. mgr. 54. gr. Á grundvelli umræddrar heimildar hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.



FJÖLMÍÐLANEFND

III. Ákvörðunarorð

“Skjárinn ehf. braut gegn 1. másl. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun American Top 40 á Kananum FM 100,5 án þess að íslenskt tal fylgdi.

Með vísan til 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla er fallið frá sektarákvörðun í máli þessu.“

Elfa Ýr Gylfadóttir